

Kæri rektor, ráðherra, útskriftarnemar, kennarar, fjölskyldur og aðrir góðir gestir.

Níræður afi minn skutlaði mér hingað en hann breytist í einkabílstjóra minn á tyllidögum. Það er ekki í frásögur færandi nema að ég spurði afa hvort hann ætti einhverja brandara fyrir mig handa útskriftarnemunum. Hann hugsaði sig um og sagði „tja, þú gætir sagst vera að kafna úr hita“... „kafna úr hita já?“ spurði ég. „Já, því það eru svo margar gráður á sviðinu“ svaraði hann sposkur.

Þessi brandari var ókeypis. Þið vitnið bara í Guðmund Knút Egilsson ef þið viljið geta heimilda.

Afi er varla með grunnskólapróf. Harðduglegur iðnaðarmaður allt sitt líf. Hann ljómar allur þegar afkomendur hans hafa tök á að ganga menntavegin lengra en hann gat nokkurn tíma látið sig dreyma um. Það er nefnilega ekki sjálfsagt að mennta sig líkt og þið hafið gert í dag, eða það var það svo sannarlega ekki hér á árum áður.

Við hjá Viðskiptaráði trúum því að menntun sé hornsteinn bættra lífskjara. Menntun er samfélagsmál og menntun er efnahagsmál. Mikilvægi öflugra menntastofnana verður seint ofmetið. Nú er svo komið að stærstu ógnir mannkyns í þúsundir ára krefjast þess hreinlega af okkur að við nýtum menntun til göfugra verka og úrlausna. Á sama tíma og við hreykjum okkur af því hvað mannkynið hefur, aðeins á síðustu hundrað árum, togað sig að meirihluta til upp úr sárafatækt og þurft á heimsvísu þá heyrum við sterkar raddir um „hrun siðmenningar og útrýmingar stórs hluta hins „náttúrulega heims““. Þetta eru ekki beint uppörvandi skilaboð sem hanga yfir okkur. En það er alltaf eitthvað.

Og þetta er svo sannarlega eitthvað. Eftir 13 daga heldur Viðskiptaráð árlegt Viðskiptaþing sitt undir yfirskriftinni „Skyggni nánast ekkert – Forysta í heimi óvissu“. Titill þingsins vísar til þess áreitis sem dynur á okkur með þessum glænýju ógnum sem mannkynið stendur frammi fyrir – hlýnun jarðar, áður óséðar tæknibreytingar, eða tískuorðið „fjórða iðnbyltingin“ og í kjölfarið hálfgerð andlegt þrot nútímamannsins sem er kannski ekkert sérstaklega hannaður fyrir slíkt áreiti. En þar sem að hin hliðin á ógninni er alltaf tækifæri, þá er til leið – það er til áttaviti sem hjálpar okkur að skima í gegnum þessa þoku. Þið, kæru útskriftarnemar, eruð ansi vel á veg komnir með menntun ykkar í farteskinu.

En það mæðir á mannkyninu nú sem aldrei fyrr að hreinlega vera manneskjur – mögnuð tæknin losar um hendur okkar og það reynir ennþá meira á að rækta hugann og fínþússa ákvarðanatökuna. Leiðtogafærni sem er drifin áfram af tilgangi (sem nær langt út fyrir gróðasjónarmið eingöngu) - verður eftirsóttur hæfileiki hvers og eins, sama hvar hann er niður kominn. Einhverjir framtíðarspámenn vilja meina að töfrablandan liggja einmitt í tilgangsdrifinni leiðtogafærni með skapandi og frjórri hugsun; eða nýsköpun.

Viðskiptaráð gaf út rit á dögnum sem ber heitið Nýsköpunarheit – þar eru 10 aðgerðartillögur um hvernig efla megi nýsköpun í íslensku samfélagi til að auka verðmætasköpun og stuðla að sjálfbærum hagvexti til lengri tíma. Allar þessar aðgerðir byggja á þeirri bjargföstu trú að nýsköpun sé undirstaða áframhaldandi lífsgæðasóknar Íslendinga en ekki síður tækifæri okkar til að gefa af okkur til heimsins – taka leiðandi hlutverki okkar alvarlega, með endurnýjanlega orkugjafa sem dæmi og hugvit og reynslu sem getur lagt eitthvað til sjálfbærnimarkmiða á heimsvísu. Eins og ráðið hefur ítrekað bent á þá er nýsköpun og raunar hugvitsdrifinn útflutningur leiðin fram á við til aukinnar hagsældar. Óþrjótandi auðlind sem okkur ber að rækta.

Þið komið líklega öll til með að vinna við störf á lífsleiðinni sem ekki er til starfsheiti eða orð yfir ennþá. Hvort sem það er í lögfræði, verkfræði eða markaðsfræði. Með bókmenntum, listum, hönnun og ríkri menningu verður alltaf hlutverk fyrir alla. Og við lifum þannig tíma að nýsköpun sem nær þvert á allar þessar greinar verður stóra svárið við öllum þessum áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Hún verður ekki sett á ís á meðan við þreyjum þorrann, þrefum um hversdagleg úrlausnarefni í ummælakerfum eða á þingi - eða klárum næsta ársfjórðungsuppgjör. Nýsköpun er orðin það aðkallandi mál að hún verður að vera hluti af öllum rekstri, ekki síst í rótgrónum fyrirtækjum.

Það mætti segja að tilurð mannkyns og færnin sem við búum yfir í dag sé algjör tilviljun, röð tilviljana sem þróuðust yfir í það sem við sjáum hér í dag – magnaðar mannverur með flóknari heila en færustu fræðimenn geta greint. Við erum í raun tilviljanakennt kraftaverk. Það að fá að lifa er ekki sjálfgefið. Það getur verið dálítill kúnt, óneitanlega, en lífið er gjöf. Við höfum öll einstakt tækifæri, af virðingu við þessa yndislegu tilviljun, að rækta hæfileikana hvar sem þeir liggja og vera upplýst um umheiminn. Þið eruð lánsöm að vera nú með góða menntun á bakinu sem styður vonandi við hæfileika ykkar. Það væri kannski ráð að sýna þessari tilviljun að við sóuðum ekki lífsgjöfinni með því að þiggja bara og gefa ekkert til baka á þessari jörð.

Viðskiptaráð hefur í rúma öld lagt metnað í að styðja við menntun á Íslandi og telur það sitt mikilvægasta framlag til atvinnulífs og samfélagsins í heild.

Eins og margir hér vita þá er tenging Viðskiptaráðs við HR þannig að Menntasjóður ráðsins stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík árið 1998. Við hjá ráðinu og þau sem ruddu brautina á undan okkur erum ofboðslega stolt af uppbyggingu Háskólans í Reykjavík en skólinn hefur opnað ótal spennandi tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til að mæta breyttum tímum. Rótin að stofnuninni var að styrkja innviði og samkeppnishæfni íslensks hagkerfis. Það er í raun ótrúlegt til þess að hugsa hversu miklum árangri HR hefur náð á tiltölulega skömmum tíma. Þar ber auðvitað fyrst og fremst að þakka öllu því frábæra starfsfólki sem hefur byggt upp starfsemi skólans.

Um leið og ég óska öllum útskriftarnemum og aðstandendum til hamingju með daginn er það mér sönn ánægja að veita að lokum fjórar viðurkenningar fyrir hönd Viðskiptaráðs. Viðurkenningunni fylgir 100 ára hátíðarrit ráðsins sem fer m.a. yfir tímalínu verslunar og viðskipta á Íslandi síðustu 100 ár og þær samfélagsbreytingar sem fylgdu. Ég vil biðja eftirtalda nemendur að koma og taka við viðurkenningu frá Viðskiptaráði, staldra við aðeins á sviðinu með hinum verðlaunahöfunum og brosa sínu breiðasta fyrir myndavélina.

Meistaraneinn í hópnum - Joseph Karlton Gallogly – MSc í markaðsfræði (MSc in marketing)

Bryndís Gyða Michelsen – BA í lögfræði

Heiðar Snær Jónasson – BSc í rekstrarverkfræði

Magnús Björn Sigurðsson - BSc í tölvunarfræði